Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi

Fundargerð – skipulag hrekkjavöku 2026

Dagsetning: 22. október 2026
Fundartími: Kl. 17:00
Fundarstaður: Grunnskólinn í Stykkishólmi
Fundarritari: Sigríður Silja Sigurjónsdóttir

Mættir: Sunna Guðný Högnadóttir (formaður), Sigríður Silja Sigurjónsdóttir (ritari), Hermann Hermannsson, Eva Dögg Einarsdóttir, Anna Lind Særúnardóttir, Svava Gunnarsdóttir, Elva Rún Óðinsdóttir, Eva Rut Ellertsdóttir og Dagbjört Ýr Kiesel.

1. Boðun fundar og tilefni

Sunna Guðný Högnadóttir, formaður foreldrafélagsins, boðaði til fundar í spjallhópi félagsins í kjölfar umræðu um að gera meira úr hrekkjavökunni en undanfarin ár.

Hugmyndin kom fram eftir að auglýsing um hrekkjavökuviðburð í Grundarfirði hafði verið skoðuð. Rætt var um möguleika á fjölbreyttari dagskrá í Stykkishólmi, þar sem fleiri viðburðir færu fram yfir daginn.

2. Dagsetning og fyrirkomulag hrekkjavöku

Fundarmenn voru sammála um að efna til fjölbreyttari dagskrár í tengslum við hrekkjavökuna í stað þess að hafa eingöngu hefðbundna hrekkjavökugöngu.

Ákveðið var að viðburðirnir færu fram á hrekkjavökunni sjálfri, **laugardaginn 31. október 2026**.

3. Hugmyndir að dagskrá

Bíósýning í Amtbókasafninu

Eva greindi frá því að leyfi hefði fengist til að halda bíósýningu í Amtbókasafninu sem hluta af fjáröflun 9. bekkjar.

Rætt var um að sýningin gæti farið fram kl. 14:00–16:00, en tímasetning var ekki endanlega ákveðin.

Draugahús í grunnskólanum

Fram kom að nemendaráð Grunnskólans í Stykkishólmi hefði þegar fundað og lagt fram hugmynd um að halda draugahús í skólanum.

Rætt var um eftirfarandi atriði:

- Kanna hvort hægt væri að halda draugahúsið laugardaginn 31. október.
- Skoða möguleika á að aldursskipta draugahúsinu eftir því hversu ógnvekjandi upplifunin væri.
- Athuga hvort tímasetningin kl. 17:00–18:00 hentaði.
- Taka tillit til mögulegrar keppnisferðar 9. bekkjar til Reykjavíkur.

Hermann tók að sér að vera í sambandi við Rósu varðandi möguleika á framkvæmd draugahússins.

Draugaskógur

Rætt var um að skipuleggja draugaskóg sem varaleið ef ekki reyndist unnt að halda draugahús í skólanum.

Engin endanleg ákvörðun var tekin um framkvæmd draugaskógarins.

Hrekkjavökuganga

Ákveðið var að hefðbundin hrekkjavökuganga færi fram kl. 18:00–20:00.

4. Auglýsing og kynning

Rætt var um að útbúa auglýsingu fyrir hrekkjavöku dagskrána þegar nánara fyrirkomulag og tímasetningar lægju fyrir.

5. Fundarslit

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði:
Sigríður Silja Sigurjónsdóttir
Ritari foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi